

Föstudaginn 22. janúar 1993.

Nr. 405/1992. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
 gegn

Hafsteini Sveinbirni Péturssyni

(Kristján Stefánsson hrl.).

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. október 1992 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákærvalds til þyngingar refsingu.

Að ákvörðun Hæstaréttar var mál þetta flutt um formhlið þess samkvæmt 158. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála og 48. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, sbr. 163. gr. laga nr. 19/1991.

Í máli þessu er saksókn ákærvaldsins gegn ákærða einkum byggð á skýrslu Aðalsteins Sigfússonar, félagsmálastjóra í Kópavogi, um viðtal hans við telpuna R. M. 5. febrúar 1992 og á vottorði Jóns R. Kristinssonar barnalæknis og Þóru F. Fischer kvensjúkdómalæknis um skoðun á telpunni 7. sama mánaðar. Enginn þessara þriggja aðila gaf skýrslu við lögreglurannsókn eða dómsmeðferð málsins. Ekki virðist hafa verið talið rétt að freista þess að taka frekari skýrslu af telpunni, og samkvæmt gögnum, sem fyrir Hæstarétti liggja, var um það haft samráð við móður hennar eina. Rétt var þó, eins og á stóð, að afla álits sérfræðings um skýrslutöku af telpunni. Auk þess var rétt, að skýrslur væru teknar fyrir dómi af ofangreindum aðilum, áður en dæmt yrði efnislega í málinu, sbr. og 1. mgr. 48. gr. laga nr. 19/1991. Annars vegar var nauðsynlegt að yfirheyra félagsmálastjórnann um framkvæmd viðtalsins við telpuna og um atriði, sem máli skiptu í tengslum við það. Hins vegar þurfti, eins og hér stóð á, að fá skýrslu læknanna um nánari þýðingu þeirra upplýsinga, er fram komu í vottorði þeirra.

Vegna þeirra galla á málsmeðferð, sem hér hefur verið lýst, verður ekki hjá því komist að fella héraðsdóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að greiða áfrýjunarkostnað málsins úr ríkissjóði, eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Áfrýjunarkostnaður sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Kristjáns Stefáns-sonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 29. september 1992.

Árið 1992, þriðjudaginn 29. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 905/1992: Ákærvaldið gegn Hafsteini Sveinbirni Péturssyni, sem tekið var til dóms 8. september sl.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 13. maí 1992, á hendur ákærða, Hafsteini Sveinbirni Péturssyni, Reykjavíkurvegi 16, Hafnarfirði, fæddum 22. ágúst 1969, fæðingarnúmer 388, „fyrir skírlífisbrot með því að hafa nokkrum sinnum á árunum 1989 og 1990 sýnt telpunni R. M., fæddri, kynferðislega áreitni með því að strjúka og setja fingur og einu sinni tannbursta inn í kynfæri telpunnar með þeim afleiðingum, að meyjarhaft telpunnar rofnaði. Brotin framdi ákærði á heimili sínu að Álfaskeiði 76, Hafnarfirði, og að Hlíðarhvammi í Kópavogi.

Telst þetta varða við 202. gr., sbr. 1. mgr. 200. gr., og 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og 45. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53, 1966.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

— — —

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hafsteinn Sveinbjörn Pétursson, sæti fangelsi í átta mánuði. Af þeirri refsingu skal fresta 6 1/2 mánuði, og skal hún niður falla að liðnum þremur árum, haldi hann almennt skilorð samkvæmt 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 22, 1955.

Ákærði greiði verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni hrl., 55.000 kr. auk virðisaukaskatts.

Ákærði greiði allan annan kostnað sakarinnar, þar með talin sak-sóknarlaun til ríkissjóðs, 45.000 kr.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.
